

ÍBÚAR Í VALHÖLL

Þegar Óðinn kom út á tröppur morguninn eftir sat þar maður með hvíta svuntu og gríðarstóran pott sér við hlið. Neðan við tröppurnar kúrði myndarlegur göltur. Maðurinn spratt á fætur þegar hann sá Óðin.

– Andhrímnir heiti ég og ólyginn sagði mér að hér væri vinnu að fá. Ég er reiðubúinn að sjá um matinn í Valhöll um ókomin ár og legg skepnuna hérna á borð með mér, sagði hann.

– Það er vissulega vel boðið en ég er hræddur um að maturinn endist ekki lengi. Nú fjölgar brátt á bænum og gestirnir mínir koma til með að skipta þúsundum, svaraði Óðinn.

– Það skiptir ekki máli hversu margir þeir verða. Ég steiki grísinn minn, Sæhrímni, hvern dag, sýð hann í pottinum Eldhrímni og kjötið endist svo lengi sem nokkur hefur lyst. Að kveldi rís hann svo upp alheill, slakar á og sefur af nóttina til að verða mjúkur undir tönn næsta dag.

– Þetta líst mér vel á, ég ræð þig hér og nú til starfsins, sagði Óðinn glaður og strauk sér um höfuðið sem var allt í einu orðið vott í öllu sólskininu.

– Hvurslags er þetta, farið að rigna úr heiðskíru lofti, tautaði hann og strauk af sér bleytuna.

– Þetta er ekki rigning, skríkti Andhrímnir. Hann rétti fram höndina og safnaði nokkrum dropum í hana.

– Smakkaðu á, sagði hann við Óðin.

Óðinn dreypti á vökvanum og bros breiddist yfir andlitið.

– Þetta er mjöður og aldeilis ekki af verri endanum, sagði hann og leit upp til að sjá hvaðan þetta góðgæti kæmi. Og þá sá hann skrítna sjón. Uppi á Valhöll var geit að rífa í sig safarík blöð af tré sem slúttu yfir þakið. Úr spenunum draup þessi dýrðlegi vökvi og rann niður til þeirra.

– Þetta er hún Heiðrún. Nú held ég að þið þurfið ekki að óttast að mjöðinn skorti í veislurnar. Hún er ótæmandi og ekki spillir fæðið sem hún fær þarna uppi, sagði Andhrímnir.

Eftirfarandi spurningum er hægt að svara munnlega, skriflega, einn síns liðs eða í samvinnu með öðrum.

Hvernig var Andhrímnir klæddur? _____

Hvers vegna kom hann til Valhallar? _____

Hvað hét grísinn og hvernig ætlaði Andhrímnir að elda hann? _____

Hvað gerði Sæhrímnir alltaf eftir kvöldmat? _____

Hvað var Heiðrún að gera uppi á þaki á Valhöll? _____

Af hverju þurftu Æsir ekki að óttast að mjöðinn skorti í veislurnar þeirra?
